



Fundur FFM 9. MAÍ 2012.

Mætt voru: Gunnar, Jóhanna, Þórey, Berglind, Bjarnfríður Guðrún Heiða og Guðrún B.. Fjarverandi: Þórður og Ursula.

Eftirfarandi var rætt

1. Kynning fyrir foreldra 1. bekkjar (haust 2012).

Ákveðið var að Berglind, Jóhanna, Þórey og Baddý færu á þennan fund til að kynna starfsemi foreldrafélagsins og hvetja nýja foreldra til þátttöku.

2. Aðalfundur FFM 2012

Ákveðið var að halda aðalfund FFM 31. Maí 2012, kl. 17:30. Athugað hvort mögulegt er að kynna í Myllunni, en fundurinn að öðru leiti kynntur í gegnum Mentor viku fyrir fund og svo aftur degi fyrir fundinn.

3. Ráðstöfun fjármuna.

Ákveðið var að leita eftir hugmyndum frá nemendafélaginu um hvað gefa mætti skólanum í afmælisgjöf og hvað mætti kaupa fyrir fjármuni FFM sem nýst getur í skólastarfinu. Guðrún B. mun hafa samband við krakka í nemendafélaginu.

4. Fyrirlestur frá Hönnu Björgu.

Í framhaldi fyrirlestrar Elvu Bjargar um sjálfsmynd stúlkna var ákveðið að kanna hvort Hann Björg Vilhjálmsdóttir geti tekið að sér fyrirlestur fyrir drengi líkt og gert hefur verið í Holtaskóla. Jóhanna kannar þetta. Stefnt er að þessu eftir próf eða í haust.

5. Fundur FFGÍR

Farið var stuttlega yfir fund FFGÍR 8. Maí.

6. Skrúðgarðurinn.

Hugmyndum um þátttöku Myllubakkaskóla í mótum skrúðgarðsins og framtíðarnotkun hans var varpað fram og rætt stuttlega. Gunnar mun ræða við framkvæmdastjóra Umhverfis- og skipulagssviðs um málið og taka upp á næsta fundi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 20:45.

F.h. FFM

Gunnar.